



Heiðarskóli — Fréttabréf

Desember 2007

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri



## JÓLASKEMMTANIR OG STOFUJÓL

Fimmtudaginn 20. desember verða hin árlegu „Litlu jól“ í skólanum. Ráðgert er að þau taki um eina og hálf klukkustund hjá hverjum bekk fyrir sig. Eins og venjulega verður jólaguðspjallið flutt af nemendum 7. bekkja. Þá verða sungin jólalög og dansað í kringum jólatréð. Síðan heldur hver bekkur til sinnar stofu og heldur stofujól með umsjónarkennara sínum. Nemendur eiga að mæta samkvæmt skipulagi hér til hliðar.

kl. 08.30–10.00      kl. 10.00–11.30      kl. 11.30–13.00

1. EÓ	1. HH	2. AJ
2. IP	2. SG	4. HE
3. bekkur	4. FM	5. JP
4. HT	5. EN	7. AÓ
6. EE	6. KG	7. ÞG
9. EP	8. KÓ	8. RR
10. BH	9. HE	9. ÞE
	10. MJ	

## Nemendafundir í Heiðarskóla

Í nóvember voru haldnir nemendafundir í Heiðarskóla. Þessir fundir eru hugsaðir sem vettvangur fyrir nemendur til að koma skoðunum sínum og óskum á framfæri við stjórnendur og jafnframt fá stjórnendur tækifæri til að koma tilmælum og/eða jákvæðum viðbrögðum til nemenda. Allir fundirnir voru skemmtilegir og nemendur voru vel undirbúnir. Það er von okkar að þessir fundir verði liður í því að stuðla að jákvæðum og lýðræðislegum skólabrag og auki ábyrgð nemenda og jafnframt áhrif þeirra á skólann.



Nemendur í 3., 4. og 8. bekk bera upp efni á nemendafundum fyrir yngsta, mið- og elsta stig.

**MUNIÐ AÐ NOTA ENDURSKINSMERKI Í SKAMMDEGINU!**

## FJÖLSKYLDUDAGUR—ÖMMUR OG AFAR Í HEIMSÓKN



Fjölskyldudagur Heiðarskóla, þar sem ömmur og afar nemenda voru sérstaklega boðin velkomin, heppnaðist mjög vel. Fjölmargir gestir heimsóttu skólann, hittu nemendur og gæddu sér á kjötsúpu hjá Skólamat. Við þökkum öllum sem komu í heimsókn á þessum skemmtilega degi.

## Forvarnadagurinn í 9. bekk

Forvarnadagurinn var haldinn í annað sinn í lok nóvember. Nemendur í 9. bekk tóku þátt í deginum og kynnt voru nokkur heillaráð sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum. Forvarnadagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands. Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að þeir unglingar sem verja í það minnsta klukkustund á dag með fjölskyldum sínum, eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegra sé að ungmenni sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum. Í þriðja lagi sýna rannsóknirnar fram á að því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegra er að þau neyti síðar fíkniefna. Við þökkum Einari Haraldssyni frá Keflavík, íþrótta- og ungmennafélagi, Kristjáni Geirssyni lögreglumanni og Skúla Ólafssyni frá foreldrafélaginu fyrir aðstoðina þennan dag.



*Nemendur í hópavinnu með fulltrúa foreldrafélagsins, Skúla Ólafssyni.*

## 5. BEKKUR Í HEIMSÓKNUM

5. bekkur fór til Reykjavíkur í heimsókn í Rafheima og verksmiðju Vífilfells. Nemendur sáu margt fróðlegt og skemmtilegt í þessum heimsóknum. Að lokum fóru allir í ÍR-heimilið og borðuðu þar saman hádegisnestið sitt. Ferðin heppnaðist mjög vel, krakkarnir voru glaðir og ánægðir og voru skólanum til sóma.



## LÍNA LANGSOKKUR Í HEIMSÓKN



Við í Heiðarskóla vorum svo heppin að sjálf Lína Langsokkur kom í heimsókn til yngri nemenda skólans í tilefni Norrænu bókasafnsvikunnar. Lína er ein af sögupersónum Astridar Lindgren og nemendur skólans tóku vel á móti henni. Við þökkum Línu kærlega fyrir innlitið.

### Jólafrí

Jólafrí nemenda hefst föstudaginn 21. desember. Skólastarf hefst aftur föstudaginn 4. janúar 2008 samkvæmt stundaskrá. Starfsmenn Heiðarskóla óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

## HEIÐARSKÓLI TEKUR ÞÁTT Í LEGO KEPPNI



Heiðarskóli tók í fyrsta sinn þátt í LEGO keppninni (First lego league 2007). Keppnin fór fram í nóvember í Öskju Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands. Lið Heiðarskóla bar nafnið Orkuboltarnir og var keppt í vélmannakappleik, ásamt því að liðið kynnti vélmennið, vinnu í kringum það og rannsóknarverkefni. Orkuboltarnir stóðu sig mjög vel í keppninni og hlökkum við til að vera með í keppninni að ári.

Halldór Þrastarson, Ragnar Gerald Albertsson og Guðni Friðrik Oddsson voru í Orkuboltunum ásamt Gunnbirni Ólafssyni sem ekki er á myndinni.

# FRÁ FORELDRAFÉLAGINU

Piparkökumálunin 24. nóvember tókst mjög vel og viljum við þakka frábæra þátttöku og góða samveru. Bæði börn og fullorðnir máluðu af miklum móð og voru afköstin eftir því. Við fengum Sigurjón í Sigurjónsbakarí til að baka fyrir okkur stór hjörtu með gati í svo hægt væri að hengja þau upp. Gera má því ráð fyrir fagurlega skreyttum piparkökuhjörtum í mörgum húsum hér í hverfinu í ár. Að auki vorum við með litlar piparköku figúrur sem málaðar voru í öllum regnbogans litum.



Miðvikudagskvöldið 28. nóvember var fyrirlestur um forvarnir gegn fíknefnum á sal Heiðarskóla. Þar mættu rúmlega 110 foreldrar og unglingar og fór enginn ósnortinn heim þetta kvöld. Erlingur Jónsson var með fyrirlestur en hann starfar að forvörnum á vegum Lundar með aðsetur í 88 húsinu. Með honum í för voru Davíð og Kleó en þau hafa bæði verið í harðri neyslu. Erlingur talaði út frá eigin reynslu sem foreldri fíkils og Davíð og Kleó um veruleikann sem þau glímdu við sem fíklar. Þetta er því miður veruleiki sem of margir þekkja.

Endilega kíkið á heimasíðu Lundar sem er [www.forvarnir.bloggar.is](http://www.forvarnir.bloggar.is) og kynnið ykkur þá starfsemi sem er í boði, eins er hægt að hafa samband við Erling á [lundur@mitt.is](mailto:lundur@mitt.is).

Með þökk fyrir góða þátttöku, stjórn Foreldrafélagsins.

## SLÖKKVILIÐSMENN OG LIONESSUR Í HEIMSÓKN

Nemendur í 3. bekk fengu góða gesti í heimsókn í nóvembermánuði. Það voru slökkviliðsmenn frá Brunavörnum Suðurnesja og Lionessur sem komu og fræddu nemendur um brunavarnir og öryggismál á heimilum. Allir nemendur fengu litabók af þessu tilefni. Nemendur gátu líka tekið þátt í getraun og þeir sem skiluðu inn svörum fengu skemmtilegt ljós til að setja á höfuðið að gjöf. Við þökkum kærlega fyrir heimsóknina og vitum að nemendur eru fróðari um öryggismál heima hjá sér og hvernig á að bregðast við ef eitthvað kemur upp á.



## SKÓLABÚÐIR 7. OG 9. BEKKUR

Sú hefð hefur skapast í Heiðarskóla að nemendur í 7. og 9. bekk fara í skólabúðir í fimm daga að hausti. Nemendur í 7. bekk fóru í september að Reykjum í Hrutafirði. Þar eru skólabúðir sem leggja áherslu á útvist, náttúrufræði og lífsleikni. Nemendur í 9. bekk heimsóttu í nóvember útvistar- og tómsundabúðirnar að Laugum í Sælingsdal. Þar er farið ítarlega í hvað það þýðir að vera góður félagi og unnið er með sjálfstraust nemenda. Báðar þessar ferðir heppnuðust mjög vel og vonum við að geta haldið áfram að fara í ferðir sem þessar.



9. bekkur að Laugum í Sælingsdal